

## Fundargerð 202. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 08. janúar 2026, kl. 15:00 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

**Mættir:** Guðmundur Helgi Þórarinsson, formaður, Gunnar Sigurðsson og Einar Sveinn Kristjánsson, Ingi Bogi Hrafnsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Kristmundur Skarphéðinsson og Einar Óskar Friðfinnsson

**Fjarfundur:** Pétur Freyr Jónsson og Helgi Már Sigurgeirsson

### Dagskrá:

#### 1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 201

Fundargerð send til rafrænnar undirritunar.

#### 2. Skýrsla formanns

- Á síðasta fundi sagði ég ykkur að við værum að vinna í að skoða með örorkuna og lífeyrissjóðina sú vinnan fór svo í jólafrí en er núna að fara af stað aftur.
- Markaðsgögn í sjávarútvegi. Oceans of data - Anna Björk Theodórs . Anna Björk safnar gögnum um ma. útflutningsverð sjávarafurða frá mörgum stöðum og við erum búin að semja við hana um að kaupa gögn frá henni. Ágúst ásamt fleirum hefur verið að vinna fyrir okkur að gerð verðkúrfu fyrir ýsu, þorsk og fleira og telur að gögn frá henni muni nýtast við það, svo ákveðið var að semja við hana amk. í eitt ár. Verð fyrir árið er 535.000 kr.
- Nokkrir fundir hafa verið hjá ÍSAL. En það hefur verið kvartað undan lélegum lofgæðum í smiðjunni hjá þeim og komið hefur í ljós að það er glerþráðaryk í loftinu. Búið er að funda nokkrum sinnum. Málið með loftgæðin er í ferli og við sjáum hvað setur með það.
- Á síðasta fundi þá vorum við í samningaviðræðum við Hafró og skrifað var undir kjarasamning 15. des. Síðan var kosið um samninginn og hann samþykktur með öllum greiddum atkvæðum. Þann 22. desember lá því fyrir að allir kjarasamningar sem VM er með hafa verið samþykktir og er það í fyrsta sinn síðan formaður tók við.
- STCW-F, Halldór er með það í vinnslu. Fundur er kl. 13 í dag með Samgöngustofu. Fyrsti fundur til að fara af stað með breytingar á íslensku lögunum. Í fundargögnum er stutt samantekt fyrir stjórn um STCW-F. Umræður urðu um nemapláss og framkvæmd vegna þeirra.
- Árlega hringferðin á milli jóla og nýárs var farin eins og undanfarin ár. Að vísu komst formaður ekki til Ísafjarðar 26. des því það var ekki flogið en hann tók fundinn á fjarfundi í staðinn. Næsta dag var farið á Reyðarfjörð og til Akureyrar. Á Reyðafirði mættu fimm og á Akureyri tveir. 27. des var það Höfn og þar mættu fimm og 28. des, Vestmannaeyjar og þar mættu ellefu. Að lokum var svo fundur í Reykjavík 29. des og

þar mættu 8 og einn á fjarfundi. Gera könnun í haust hvort áhugi sé fyrir þessum fundum, ansi mikið á sig lagt til að hitta bara nokkra menn.

- Upphafsfundur endurskoðunar vegna 2025 var 10 des, sl.

### 3. Staðan á Eirhöfða

Farið var yfir stöðuna á Eirhöfða. Félögin fengu 15 íbúðir afhentar 1. des og 10 íbúðir voru afhentar í gær. Dagsektir af þeim byrjuðu að tikka 1. des og til gærdagsins. Ennþá er bara ein íbúðir seld í Mánatúni og önnur í keðju. Sex hafa skoðað og tveir mjög áhugasamir en eiga eftir að selja.

### 4. Drög að fjárhagsáætlun 2026

Drög að fjárhagsáætlun var lögð fram til kynningar. Áætlunin er svona frekar gróf þar sem enn er verið að læra á kerfið og alltaf eitthvað að koma okkur á óvart. Við munum vinna áætlunina betur fram í febrúar og komum með hana aftur inn á fund.

### 5. Breytt fundarplan stjórnar vorönn 2026

Formaðurinn fór yfir tillögu að fundum sem hann lagði fram fyrir áramót. Staðan er sú að við þurfum að færa aðalfundinn til 22. apríl þar sem endurskoðandinn verður erlendis 28. og 29. apríl en það eru dagsetningarnar sem við vorum búin að ákveða. Stjórnarfundur verður þá 15. apríl. Setja inn á heimasíðuna frétt um að fundurinn verði 22. apríl.

### 6. Önnur mál

- Stjórnarmaður fór yfir framboð til stjórnar og formanns samkvæmt lögnum og bað um útskýringar á nokkrum liðum.

Fundi slitið kl. 11:50

Fundargerð ritaði Áslaug R. Stefánsdóttir